

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

*Við Högnastíg og Smiðjustíg að Flúðum.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 20. desember 2005 deiliskipulagsbreytingu við Högnastíg og Smiðjustíg og deiliskipulag við Högnastíg, að Flúðum

Gert er ráð fyrir samtals 16 einbýlishúsalóðum, þar af 10 lóðum fyrir tveggja hæða hús. Auk þess eru í skipulaginu samtals þrjár parhúsalóðir.

Skipulagið gerir einnig ráð fyrir grænum beltum með göngustígum frá Smiðjustíg og upp í Högnastaðaás.

Deiliskipulagið og deiliskipulagsbreytingin hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. mars 2006.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2006